



Golfklúbburinn Leynir

Skýrsla stjórnar
starfsárið 2021


Aðalfundur

24. nóvember

Akranesi

56. starfsár Golfklúbbsins Leynis

Golfsumarið á Íslandi árið 2021 var ágætt en heimsfaraldurinn Covid-19 og kaflaskipt veðurfar hafði sín áhrif á rekstur golfklúbba. Golfþyrstir kylfingar eltu sólina um norðanvert landið í sumar þar sem veðrið lék við þá, enda eitt besta sumar í manna minnum á því landssvæði. SV horn landsins átti töluvert inni þegar horft er til sólarstunda en við höldum í þá von að sumarið 2022 bjóði upp á betri tíð. Golfklúbburinn Leynir fann vel fyrir veðráttunni því spiluðum hringjum á Garðavelli fækkaði töluvert á milli ára en þeir fóru úr 26.852 árið 2020 í 23.152 hringi sumarið 2021. Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 14.585 hringir skráðir á félagsmenn eða um 63% allra skráðra hringja sem er svipað hlutfall og árið 2020.



Aðalfundur 2020 og verkefni stjórnar.

Aðalfundur síðasta árs var ekki haldin í raunheimum – í fyrsta skipti frá stofnun klúbbsins. Engu að síður voru margir félagsmenn sem tóku þátt í fundinum með aðstoð fjarfundarbúnaðar. Fundurinn fór vel fram og gengu umræður, sem og þau mál sem þörfuðust afgreiðslu við, vel og skilmerkilega fyrir sig.


Á aðalfundi GL þann 3. desember 2020 var kosin stjórn fyrir starfsárið 2021. Stjórn var þannig skipuð:

Oddur Pétur Ottesen, formaður.
Óli Björgvin Jónsson, varaformaður.
Heimir Bergmann, gjaldkeri.
Ella María Gunnarsdóttir, ritari.
Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi
Hróðmar Halldórsson, varamaður.

Haldnir voru 14 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli.

Fjölgun félagsmanna

Félagsmönnum GL heldur áfram að fjölga á milli ára en þeir voru í lok sumar alls 674 samanborið við 623 árið 2020. Hlutfallslega fjölgaði körlum meira en konum en fjöldi kvenna í klúbbnum er á pari við árið 2020. Stjórn er enn þeirrar skoðunar að fjölgun kvenna í starfinu sé okkar helsti vaxtarsproti í fjölgun meðlima o.þ.m. styrkara starfi.



Hvet ég alla til að leggjast á sveif með okkur í þeirri vinnu. Ef það markmið næst að ná félagafjölda í 800 manns mun það gjörbreyta rekstrarforsendum klúbbsins, okkur öllum til hagsbóta. Fjölgun meðlima í fjaraðild frá nærliggjandi sveitarfélögum var töluverð á árinu og eru þeir nú um 80 en voru 40 á árinu 2020. Nýliðum á árinu 2021 fjölgaði einnig og voru um 65, en um er að ræða félagsmenn sem hafa ekki áður verið í golfklúbbi. Stjórn GL vill bjóða alla þá félagsmenn sem gengu í klúbbinn á árinu

sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor – eins og alla aðra félagsmenn.

Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2021. Í vetur voru félagsmenn mjög duglegir að nýta sér inni aðstöðuna ásamt golfhermi í kjallara Garðavalla. Heimsfaraldurinn sett þó sinn svip á aðgangsstýringu og aðbúnað en það leystist vel. Þá var íþróttastjóri Leynis, Valdís Þóra Jónsdóttir, með æfingar og námskeið fyrir félagsmenn og Jón Einar Hjalttested með styrktarþjálfun á sérkjörum fyrir félagsmenn. Í upphafi árs sagði Brynjar Sæmundsson sig frá sem vallarstjóri á Garðavelli. Að undangenginni rýni á þeim möguleikum sem voru í stöðunni, var gengið til samninga við Golfklúbb Mosfellsbæjar. Hryggjarstykkið í samkomulaginu var aðkoma GM að vallarstjórn, auk þess gátu meðlimir þessara klúbba spilað gagnkvæmt á mjög hóflegu vinavallargjaldi á völlum klúbbana.

Ljóst er að talsverðar breytingar munu líta dagsins ljós á samstarfinu á komandi ári – gerum þó ráð fyrir framhaldi á ánægjulegu samstarfi við Mosfellinga á næstu misserum.

Viljum við sérstaklega þakka Brynjari Sæmundssyni fyrir hans framlag til GL á umliðnum árum. Sérþekking Brynjars hvarf þó ekki út um gluggann, því áfram vann Brynjar að mörgum verkþáttum á Garðavelli í sumar.



Mótahald og viðburðir sumarið 2021

Á 77. ársþingi ÍA sem haldið var hátíðlega 25. maí í Tónbergi voru félagsmenn GL, þau Bjarni Þór Bjarnason og Arna Magnúsdóttir sæmd bandalagsmerki ÍA. Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins.

Á starfsárinu sæmdi stjórn GL tvo félagsmenn nafnbótinni heiðursfélagi Golfklúbbsins Leynis eins og heimilt er samkvæmt lögum félagsins. Það eru þeir Janus Bragi Sigurbjörnsson og Halldór Friðgeir Jónsson. Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina en framlag þeirra til klúbbsins er ómetanlegt og verður seint þakkað. Fjórir félagsmenn GL fóru holu í höggi þetta sumarið á Garðavelli. Fyrstur til þess þetta sumarið var Arilíus Smári Hauksson þann 5. maí á 3. holu. Næstur í röðinni var Haukur Þórisson á 18. holu en draumahöggjið sló hann 25. maí. Þá var það Sveinbjörn Rögnvaldsson sem fór holu í höggi þann 19. júlí á 3. holu. Loks var það svo Vala María



Sturludóttir (13 ára) sem fór holu í höggi í SF Smiðum mótaröðinni þann 21. júlí á 14. holu. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með að vera komin í Einherjaklúbbinn.

Mótahald á starfsárinu 2021 var með svipuðu sniði og árið 2020. Þátttaka í opnum mótum GL var mjög góð sem og í innanfélagsmótum en vissulega setti veðrið sinn svip á þátttöku kylfinga í sumum mótum. Þó svo að veðrið hafi oft leikið kylfinga grátt

á miðvikudögum þá stoppaði það ekki félagsmenn til þátttöku. Slíkt viðhorf og slík elja er vel til þess fallið að efla okkar frábæra klúbbs. Í ár var boðið upp á skemmtilega nýjung fyrir félagsmenn en þá bauð dómari og félagsmaður Leynis, Viktor Elvar Viktorsson, félagsmönnum upp á dómaraölt um völinn sem margir nýttu sér. Skemmtilegur viðburður sem væri gaman að gera á ári hverju í tengslum við meistarmót klúbbsins.

Meistaramót GL fór fram dagana 7.-10. júlí og urðu Stefán Orri Ólafsson og Elsa Maren Steinarsdóttir klúbbsmeistarar 2021. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn. Golfklúbburinn Leynir þakkar öllum félagsmönnum fyrir þátttökuna í meistaramótinu og öðrum vinningshöfum til hamingju. Ánægjulegt er að segja frá því að þátttakan í mótinu var með besta móti en alls tóku 139 kylfingar þátt í ár.



Skemmtileg nýjung var í mótinu í ár þar sem kylfingar gátu safnað fuglum í þágu góðs málefns í samvinnu við fyrirtækið Skipavík í Stykkishólmi en fyrirtækið greiddi 500,- kr. fyrir hvern fugl sem náðist í mótinu. Á lokahófinu afhentu formaður og framkvæmdastjóri GL forsvarsmanni Umhyggju, félags langveikra barna svo afraksturinn upp á kr. 150.000,- Stjórn vill þakka Skipavík fyrir samstarfið og velviljann.

Að lokum vill stjórnin færa mótanefnd og starfsmönnum GL þakkir fyrir faglega vinnu við mótið, eins öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu sitt að mörkum svo að mótið gæti orðið eins glæsilegt og raunin var. Þá vill GL færa félagsmanninum Sigurði Elvari Þórólfssyni hjá Skagafréttum sérstakar þakkir fyrir að taka myndir út á golfvelli á meðan á mótinu stóð, sem og öðrum jákvæðum fréttum af félagsstarfinu á liðnu starfsári. Slíkt er ómetanlegt bæði í sögulegu samhengi sem og að upplýsa samfélagið um það jákvæða starf sem fram fer í klúbbum.

Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar fór fram í annað sinn í sumar við góðar undirtektir félagsmanna. Keppnisfyrirkomulagið er með svipuðum hætti og keppt er í sveitakeppnum golfklúbbanna. 14 lið skráðu sig til leiks, hvert skipað 7-8 leikmönnum. Team Lögheimili báru sigur úr þítum í úrslitaleik við Lærlinga Goðsagnarinnar. Golfklúbburinn Leynir þakkar Blikksmiðju Guðmundar fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum vettvangi.



Hið vinsæla og vel heppnað hjóna- og paramót fór fram laugardaginn 29. maí og var uppselt í móti líkt og í fyrra. GL þakkar þeim Þórði Emil Ólafssyni og Berglinði Helgu Jóhannsdóttur fyrir undirbúning mótsins, eins þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem lögðu sitt af mörkum til að gera það svo veglegt. Góður rómur var gerður að mótinu

og hafa kylfingar nú þegar skráð sig til þátttöku að ári. Þykir einsýnt að þetta mót sé orðin einn af hornsteinum mótahalds GL.

Golfklúbburinn Leynir stóð fyrir þremur GSÍ mótum sumarið 2021 og stefnir á að halda tvö slík mót sumarið 2022 þ.e. sveitakeppni ungmenna 15 ára og yngri sem og stigamót GSÍ.

Þá var brugðið á það ráð í lok sumars að halda lokamót mótanefndar GL. Það var gert með þeim hætti að haldin voru tvö mót á sama degi sem endaði svo með glæsilegri árshátíð. Það var mat félagsmanna að gríðarlega hafi vel tekist til með þessa tilraun og mikill vilji í að gera þennan viðburð enn glæsilegri að ári.



Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Íslandsmóti golfklúbba (2. deild karla) var haldið í lok júlí við frábærar aðstæður á Kiðjabergsvelli. Eftirtaldir félagsmenn skipuðu sveit Golfklúbbsins Leynis: Stefán Orri Ólafsson, Hróðmar Halldórsson, Kristján Kristjánsson, Valdimar Ólafsson, Pétur Vilbergur Georgsson, Kristvin Bjarnason, Björn Viktor Viktorsson og Willy Blumenstein. Liðsstjóri Leynis var Halldór Hallgrímsson. Strákarnir stóðu sig vel, unnu þrjá leiki og töpuðu tveimur – GL heldur sæti sínu í deildinni.

Dagana 19.-21. ágúst fór fram Íslandsmót golfklúbba 50+ í kvennaflokki. Spilað var á Kirkjubólsvelli í Sandgerði. Golfklúbburinn Leynir sendi vaska sveit til leiks, en hana skipuðu; Elísabet Valdimarsdóttir, Helga Rún Guðmundsdóttir, Ellen Ólafsdóttir, Ruth Einarsdóttir, Ellen Blumenstein og María Björg Sveinsdóttir. Sveitin gerði sér lítið fyrir og landaði sigri og mun spila í fyrstu deild að ári. Golfklúbburinn Leynir færir sveitinni hamingjuóskir með árangurinn, virkilega vel gert og sterk innkoma eftir langt hlé í þátttöku á þessu móti.

Golfklúbburinn Leynir sendi lið til þátttöku í sveitakeppni GSÍ í barna- og unglingaflokki. Allir flokkarnir stóðu sig vel og voru félagi sínu til sóma. Afrekskylfingurinn Björn Viktor Viktorsson átti gott sumar. Hann lenti þrisvar í öðru sæti á unglingamótaröðinni og var valinn í piltalandslið Íslands. Þá endaði hann í öðru sæti á WAGR (World Amateur Golf Ranking) heimslistamótinu sem fram fór í Hvaleyrarvelli daganna 24.-26. september.



Margt ber að þakka

En það þarf fleira til en kylfing, kylfu og golfbolta svo hægt sé að iðka þessa skemmtilegu íþrótt. Til þess þarf einnig golfvöll og aðra skylda aðstöðu. Svo þetta falli allt vel saman þá er hlutverk sjálfboðavinnu ómetanlegt fyrir Golfklúbbinn Leyni. Vil ég þakka þeim sem unnið hafa ötult starf í nefndum fyrir GL mikilvægt framlag, einnig þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lagt hafa hönd á plóginn í öðrum verkefnum. Ég vil sérstaklega þakka vallarnefnd ásamt þeim Viktori Elvari Viktorssyni, Jóhanni Sigurðssyni, Halldóri F. Jónssyni og Jóni Ármanni Einarssyni fyrir ómetanlega aðstoð við framkvæmdir á vellinum.

Eins og komið hefur fram var á starfsárinu farið af stað með metnaðarfullt samstarf við Golfklúbb Mosfellsbæjar m.a. með vallarstjórn á Garðavelli. Golfklúbburinn Leynir vill þakka Einari Ólafi Pálssyni sem var í hálfu starfi sem vallarstjóri á Garðavelli sumarið 2021 fyrir samstarfið á árinu. Tekin hefur verið ákvörðun um að ráða í 100% starf vallarstjóra á Garðavöllum en það er skref sem stjórn telur nauðsynlegt að stíga til fulls eftir að hafa prófað nokkrar sviðsmyndir á liðnum árum.

Þá hafa forsvarsmenn Galito Bistro sagt upp samningi sínum sem rekstraraðilar veitinga að Garðavöllum og vill stjórn GL þakka Hilmari Ægi Ólfssyni og hans félögum í Galito fyrir gott samstarf frá opnun Garðavalla árið 2019.



Sjálfboðastarfið gegnir lykilhlutverki í félagsstarfinu og þeim mun fleiri sem leggja hönd á plóg, þeim mun betri verður umgjörðin og félagsstarfið skemmtilegra. Félagsmenn-

og konur í GL, ásamt okkar glæsilega Garðavelli og félagsaðstöðunni Garðavöllum eru undirstöðurnar sem klúbbstarfið hvílir á af fullum og jöfnum þunga.

Öllu því góða starfsfólki sem hefur unnið á vellinum eða í afgreiðslunni, til lengri eða skemmri tíma ársins þakka ég vel unnin störf og ánægjuleg viðkynni. Það er ekki sjálfgefið að ná að búa til jafn faglega umgjörð og þið hafið náð að gera í sumar með framlagi ykkar og viðmóti.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnarfólki mínu í stjórn, sem og nefndarfólki, fyrir einstaklega gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég færa framkvæmdastjóranum þakkir fyrir vel unnin störf.

*Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis,
O. Pétur Ottesen, formaður
24. nóvember 2021*

Skýrsla framkvæmdastjóra

Í upphafi vil ég byrja á því að þakka félagsmönnum, stjórn, nefndum og samstarfsfólki fyrir mjög gott samstarf á árinu. Golfvertíðin fór vel af stað í maí þó norðanáttin hafi verið frekar ríkjandi í fyrstu. Margir kylfingar á Íslandi náðu enn og aftur ekki að fara í sínar árlegu golfferðir erlendis og því eðlilega mikill hugur í mörgum hverjum.

Starfsmenn GL voru 18 þegar mest lét frá vori til hausts en þeir voru þó með mismikla viðveru yfir sumarið. Því til viðbótar má telja nokkra félagsmenn sem ávallt voru tilbúnir að hlaupa í skarðið ef upp á vantaði hvort sem er í afgreiðslu og verslun GL eða í ýmis viðvik á vellinum.

Akraneskaupstaður hefur stutt vel við bakið á klúbbnum í sumar líkt og undanfarin ár. Um 20 ungmenni úr unglingavinnunni störfuðu við ýmis verk á og við Garðavöll og færum við kaupstaðnum þakkir fyrir þann stuðning.

Í vor var gengið til samstarfs við Golfklúbb Mosfellsbæjar. Samningurinn tók á ýmsum þáttum er varðar vallarstjórn og faglega umhirðu Garðavallar ásamt samstarfi um golfkennslu, nýtingu tækja, vinavallasamningar og fleiri þátta. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ánægð með marga þætti samningsins en breyting verður á fyrir næsta sumar er varðar vallarstjórn Garðavallar. Stjórn GL hefur tekið ákvörðun um að stíga skrefið til fulls og ráða vallarstjóra í 100% starf.



Galito Bistro sem hefur verið með veitingareksturinn frá árinu 2019 hafa nú óskað eftir því að stíga til hliðar á þessum tímamótum og færir GL þeim bestu þakkir fyrir gott samstarf á liðnum árum. Af þeim sökum hefur GL auglýst rekstur veitinga laust til umsóknar og vonandi mun framhald þess skýrast á næstu vikum.

Í sumar varð töluvert tjón í æfingaaðstöðu GL í kjallara Garðavalla. Frá þeim tíma hefur stjórn einsett sér í að bæta aðstöðuna til muna og notið m.a. góðrar aðstoðar frá íþróttastjóra Leynis, Valdísi Þóru Jónsdóttur. Það er von okkar að félagsmenn verði duglegir að halda golfsveiflunni og púttstrokunni við í vetur og nýti aðstöðuna vel.

Vinavallasamningar voru með svipuðum hætti og undanfarin ár en tekin var ákvörðun um að leiðrétta verðlagningu vinavallargjalds frá fyrri árum. Upplýsingar sem klúbbnum hafa borist gefa vísbendingar um að félagsmenn Leynis hafa verið dugleg að nýta sér vinavallasamninga í sumar. Það er vel gert! Það sama á við um aðsókn annarra klúbba á Garðavöllum.



Framkvæmdir á Garaðvelli voru töluverðar á starfsárinu. Metnaðarfull vinna við framræsingu lands með viðeigandi skurðahreinsun var mikil s.l. vetur. Þá var farið í vel heppnaða framkvæmd við 12. forflötina sem og aftan við flötina á annari holu og bönker á 18 holu lagaður. Framkvæmdir við 3. teig gengu ekki að óskum en til stendur að klára hana næsta vor ásamt frekari stígagerð og dren verkefnum á Garaðavelli. Það eru miklar áskoranir framundan í grisjun úrsprottins gróðurs víðs vegar á vellinum en verið er að leggja drög að verklagi og tímalínu í þeim efnum. Uppbygging teiga er í skoðun vallarnefndar og verður ráðist í þau verkefni eftir efni og aðstæðum hverju sinni.

Rekstur GL starfsárið 2021

Rekstrarniðurstaða Golfklúbbsins Leynis fyrir árið 2021 var góð. Töluverð óvissa ríkti um framhaldið líkt og árið 2020 vegna áhrifa Covid-19 en íþróttahreyfingin var reynslunni ríkari og kylfingar gátu spilað ótakmarkað golf en þó á tímum við breyttar aðstæður vegna sóttvarna.

Styrktaraðilar GL, stórir sem smáir, eru afar dýrmætir bakhjarlar klúbbsins og færi ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu 2021. Nýir styrktaraðilar bættust í hópinn í sumar og færum við þeim bestu þakkir fyrir samstarfið og hlökkum til áframhaldandi samstarfs. Covid-19 hafði sem áður mikil áhrif á möguleika klúbbsins á útleigu á Frístundamiðstöðinni, Garaðavöllum, sem leiddi aftur til þess í ár að klúbburinn er að borga með aðstöðunni.

Töluverðar fjárfestingar voru á árinu 2021. Fjárfest var í gröfu sem hefur svo sannarlega sannað gildið sitt því hún hefur nýst mjög vel við ýmsar framkvæmdir og umhirðu á vellinum á árinu og þá um leið sparað klúbbum aðkeypta þjónustu. Þá var fjárfest í valtara sem notaður er á flatir, blásara, uppgjör vegna kaupa á sláttuvélum frá fyrra ári, þremur golfbílum og búnaði í aðstöðu í kjallara. Samanlagt eru þetta fjárfestingar í vélum og tækjum upp á um 24 milljónir króna. Tekin voru

skammtímalán í gegnum Landsbankann til ársins 2026 upp á kr. 16 m.kr. Eldri lán klúbbsins sem tekin voru árið 2017 munu greiðast upp á næsta ári. Þörfin á endurnýjun á vélarbúnaði er enn brýn og óumflýjanleg en tækjakostur vallarins þarf að endurspegla gæði hans hverju sinni.



Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur hækkuðu um tæpar 7 m.kr. á milli ára eða um 5%. Helsta skýring þess er fjölgun félagsmanna, auknar vallartekjur og rekstrarstyrkir.

Félagsgjöld hækka um rúm 8% á milli ára eða úr rúmum 35 m.kr. á árinu 2020 í rúmar 39 m.kr. á árinu 2021. Tekjur af velli hækka um 10% á milli ára. Það er virkilega ánægjulegt þar sem spiluðum hringjum fækkaði á milli ára en þá koma til breytt innheimta og verðlagning vinavallasamninga.

Rekstrargjöldin á árinu eru á pari við áætlun ársins og hækkar um 4% á milli ára og er nú rúmar 109 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækka um 18% á milli ára en skýringuna má m.a. rekja til fleiri stöðugilda á Garðavelli á ársgrundvelli, ráðning í 50% starf vallarstjóra sem og tíðrar yfirvinnu sem var óumflýjanleg í þeirri stöðu sem upp kom á miðju sumri. Rekstur vallar er þá lægri á milli ára eða um 8% en það má að mestu rekja til aðkeyptrar vinnu og þjónustu sem leyst var með öðrum hætti.

Rekstrarafkoma klúbbsins er jákvæð um 25 m.kr. fyrir fjármagnsliði og afskriftir og má því segja að staða klúbbsins sé góð eftir rekstrarárið 2021. Af því sögðu getur

klúbburinn unnið áfram að þeim verkefnum sem lagt hefur verið að stað með á vellinum, ráðningu vallarstjóra ásamt því að huga að áframhaldandi endurnýjun á vélakosti og búnaði og framkvæmdum á vellinum.

Rakel Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GL
24. nóvember 2021

Skýrsla mótanefndar 2021

Mótahald er helsti vettvangur félagsstarfs klúbbsins og því mikilvægt að vel til takist. Þátttaka í mótum GL í ár var mjög góð en vissulega setti veðrið sinn svip á þátttöku kylfinga í sumum mótum. Mótanefnd hélt alls 41 mót í ár og voru þátttakendur um 2.200.

Meistaramót GL fór fram dagana 7.-10. júlí og urðu Stefán Orri Ólafsson og Elsa Maren Steinarsdóttir klúbbmeistarar 2021. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn, sem og öðrum vinningshöfum og félagsmönnum fyrir þátttökuna í Meistaramótinu. Ánægjulegt er að segja frá því að þátttaka var með besta móti en alls tóku 139 kylfingar þátt í ár. Skemmtileg nýjung var í mótinu í ár þar sem kylfingar gátu safnað fuglum í þágu góðs málefnis í samvinnu við fyrirtækið Skipavík í Stykkishólmi en fyrirtækið greiddi 500,- kr. fyrir hvern fugl sem náðist í mótinu. Á Lokahófinu afhentu formaður og framkvæmdastjóri GL forsvarsmanni Umhyggju, félags langveikra barna svo afraksturinn upp á kr. 150.000,- Mótanefnd vill þakka Skipavík fyrir samstarfið og velviljann.



Mótanefnd færir starfsmönnum GL þakkir fyrir faglega vinnu við mótið sem og öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögð sitt að mörkum svo að mótið gæti orðið eins glæsilegt og raunin varð. Þá færum við félagsmanninum Sigurði Elvari Þórólfssyni hjá Skagafréttum.is sérstakar þakkir fyrir að taka myndir út á golfvelli á meðan á mótinu stóð, sem og öðrum jákvæðum fréttum af félagsstarfinu á liðnu starfsári. Slíkt er ómetanlegt bæði í sögulegu samhengi sem og til að upplýsa samfélagið um það jákvæða starf sem fram fer í klúbbnum.



Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar fór fram í annað sinn í sumar við góðar undirtektir félagsmanna. Þetta mót er skemmtilegur liður í félagsstarfi klúbbsins og tengir meðlimi vel saman. Keppnisfyrirkomulagið er með svipuðum hætti og þegar keppt er í sveitakeppnum golfklúbba. Alls skráðu 14 lið sig til leiks og var leikið í 4 riðlum. Team Lögheimili bar sigur úr þítum í úrslitaleik við Lærlinga Goðsagnarinnar og í Framrúðubikarnum sigruðu Snapsarnir nokkuð örugglega. Golfklúbburinn Leynir þakkar Blikksmiðju Guðmundar fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum vettvangi. Því miður varð töluverð röskun á leikdögum í úrslitakeppninni sökum breytinga á leikjaröð sem þurfti að gera vegna forfalla. Verða leikjaröð og leikdagar endurskoðaðir fyrir næsta ár.

Hið vinsæla og vel heppnað hjóna- og paramót fór fram laugardaginn 29. maí og var uppselt í mótið líkt og í fyrra. GL þakkar þeim Þórði Emil Ólafssyni og Berglinði Helgu Jóhannsdóttur fyrir undirbúningin mótsins og þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem lögðu

sitt að mörkum til að gera það svo veglegt. Góður rómur var gerður að mótinu og hafa kylfingar nú þegar skráð sig til þátttöku að ári.

Miðvikudagsmótin eru vinsæl meðal félagsmanna og þó svo að veðrið hafi oft leikið kylfinga grátt á miðvikudögum þá stoppaði það ekki félagsmenn í að taka þátt. Slíkt viðhorf er einstaklega vel til þess fallið að efla félagsstarfið og okkar frábæra klúbb.



Golfklúbburinn Leynir stóð fyrir þremur GSÍ mótum sumarið 2021 og stefnir á að halda tvö slík mót sumarið 2022 þ.e. sveitakeppni ungmenna 15 ára og yngri sem og stigamót GSÍ. Önnur opin mót voru alls sjö í ár og tóku 754 kylfingar þátt í þeim.

Þá var brugðið á það ráð í lok sumars að halda lokamót mótanefndar GL. Það var gert með þeim hætti að haldin voru tvö mót á sama degi sem endaði svo með glæsilegri árshátíð. Það var mat félagsmanna að gríðarlega hafi vel tekist til með þessa tilraun og mikill vilji í að gera þennan viðburð enn glæsilegri að ári.

Að lokum þakkar mótanefnd öllum þeim sem hjálpuðu til við framkvæmd móta sem og styrktaraðilum fyrir þeirra framlög.

*F.h. mótanefndar
Hafsteinn Gunnarsson, formaður.
Akranesj, 24. nóvember 2021.*

Skýrsla kvennanefndar

Kvennanefnd árið 2021 var skipuð:

- Elísabetu Valdimarsdóttur, formaður
- Bryndísi R. Jónsdóttur
- Elínu Rós Sveinsdóttur
- Brynju Guðmundsdóttur

Það hefur tíðkast undanfarin ár að taka frá tíma á þriðjudögum fyrir konur. Í ár var tekin sú ákvörðun að hætta því og þess í stað voru konur hvattar til að vera duglegar að spila saman og taka þátt í innanfélagsmótum. Þetta er klárlega ákvörðun sem þarf að endurskoða fyrir næsta sumar með félagskonum.

Vön/óvön 9 holu tveggja manna texas mótið fór fram 25. maí sl. Alls tóku 48 konur þátt að þessu sinni sem töluvert færri konur frá fyrra ári. Þetta golfmót er alltaf mjög skemmtileg byrjun á sumrinu og þar stíga margar nýjar konur sín fyrstu skref á vellinum.



Sumargleðin var eins og áður á sínum stað 19. júní sl. Tuttugu og fjórar konur tóku þátt í því móti og stóð María Kristín Óskarsdóttir uppi sem sigurvegari. Þann 27. júní fór fram eitt vinsælasta kvennamót á landinu þ.e. Opna YSL og Armani. Því miður þá

gerði mikið úrhelli þann dag, sem mótið átti upphaflega að vera, og þurftum við því að fresta því um einhverja daga. Alls tóku 95 konur víðsvegar af landinu þátt að þessu sinni. Keppt var í tveim forgjafarflokkum eins og áður. Þetta mót er orðið með stærri kvennamótum sem haldin eru yfir sumarið. Kvennanefndin vill þakka öllum þeim sem komu að þessu móti kærlega fyrir hjálpina.



Einnar kylfu skemmtimótið var einnig á sínum stað sem og Leynisskvísan. Leynisskvísan árið 2021 er Berglind Helga Jóhannsdóttir.

Ákveðið var að senda sveit í 50+ sveitakeppni kvenna og er óhætt að segja að konurnar okkar komu sáu og sigruðu. Keppt var í annari deild og réðust úrslit á síðustu holu og keppa því Leyniskonur í fyrstu deildinni næsta sumar.

Vesturlandsmót kvenna var haldið í lok ágúst. Spilað var á Víkurvelli í Stykkishólmi og var mjög ánægjulegt að sjá hversu margar konur frá Leyni sáu sér fært að mæta. Vesturlandsmeistarinn 2021 er Arna Magnúsdóttir en einnig stóðu Leyniskonur uppi sem sigurvegarar í sveitakeppninni klúbbanna.



*F.h. kvennanefndar
Elísabet Valdimarsdóttir, formaður
15. nóvember, 2021
<https://www.facebook.com/Leynisskvisur>*

Skýrsla forgjafarnefndar

Sumarið 2021 var annað sumarið sem hið nýja forgjafarkerfi GSÍ var við líði. Svo sem kynnt hefur verið er forgjöf kylfinga í hinu nýja kerfi reiknuð út frá 8 bestu hringjum leikmanns af síðustu 20. Tekið er tillit til leikaðstæðna á þann hátt að skor leikmanns er leiðrétt m.t.t. almenns skors á viðkomandi velli á leikdegi. Einnig er notast við sérstaka útreikninga til að taka tillit til óvenju góðra skora leikmanna og ákveðnar skorður settar við hækkun forgjafar.

Reynsla kylfinga af hinu nýja kerfi er góð og er það samdóma álit að þeir leiki á „réttari“ forgjöf hverju sinni. Á móti kemur að hið nýja kerfi eykur vissulega sveiflur í reiknaðri forgjöf kylfinga.

Forgjafarmál geta verið nýliðum í golfíþróttinni framandi og flókin. Persónuleg forgjöf hvers og eins gera golfíþróttina hins vegar einstaka því með útreiknaðri persónulegri forgjöf er kylfingum gert kleift að keppa sín á milli, óháð getustigi. Vegna þess eru klúbbsmeðlimir hvattir til að kynna sér forgjafarmálefningin og skrá sem flesta af sínum golfhringjum – jafnt góða sem slæma – og skila inn í kerfið. Forgjöfin er uppfærð daglega og hægt að fylgjast með henni á golfboxinu.

Allir nýliðar byrja nú með forgjöfina 54 og gildir það bæði fyrir konur og karla, börn og unglinga. Hægt er að skila inn bæði 9 og 18 holu hringjum.

*F.h. forgjafarnefndar
Stefán Orrí Ólafsson, formaður
Akranesi, 18. nóvember, 2021*

Skýrsla barna-, unglinga- og afreksnefndar 2021

Í stjórn barna-, unglinga- og afreksnefndar á tímabilinu 2020-2021 sátu:

- Ingibjörg Stefánsdóttir, formaður
- Arna Magnúsdóttir
- Elísabet Valdimarsdóttir
- Trausti Freyr Jónsson

Tengiliður stjórnar við BUA nefnd var Hróðmar Halldórsson.

Trausti Freyr og Elísabet hafa dregið sig út úr nefndinni fyrir komandi ár. Þeirra í stað koma inn Hrönn Þorgeirsdóttir og Ágúst Grétar Ingimarsson. Við þökkum Trausta Frey og Elísabetu fyrir óeigingjörn störf síðustu ár.

Starfsárið 2020-21 voru skráðir rúmlega 50 iðkendur frá aldrinum 9-20 ára. Á golfleikjanámskeið klúbbsins mættu tæplega 80 krakkar sem er örlítið færri en síðustu tvö ár en margir mættu á fleiri en eitt námskeið.

Skipulagðar æfingar svipuðu til síðustu ára þar sem skipulagðar æfingar voru þrisvar sinnum í viku. Fimm mánudaga yfir sumarið var spilað í Titleist/FJ mótaröðinni sem var veglega styrkt af ÍSAM.



Valdís Þóra, Íþróttastjóri Leynis, sá um æfingarnar. Fylgdi hún krökkunum á öll mótin á unglingamótaröðinni og nokkur á Mótaröð þeirra bestu. Einnig fylgdi hún iðkendum á Áskorendamótaröðina á Dalvík. Henni innan handar voru Ingimar Elfar Ágústsson, Elsa Maren Steinarsdóttir og Kári Kristvinsson en þau sáu um leikjanámskeið sumarsins.

Árangur úr starfinu

Undanfarin ár hefur verið ágætis þátttaka barna og unglunga í mótum á vegum GSÍ. Í ár tóku 14 krakkar þátt bæði á unglingamótaröðinni og áskorendamótaröðinni. Er það smá aukning frá því í fyrra. Árangurinn lét ekki á sér standa en Björn Viktor var þrisvar í öðru sæti. Björn var valinn í piltalandslið Íslands fyrir Evrópumót liða sem haldið var í Eistlandi og var það hans fyrsta landsliðsverkefni. Hann endaði svo í 2. sæti á heildarstigalista sumarsins en það er tveimur ofar en árið 2020. Kári Kristvinsson og Elsa Maren Steinarsdóttir endaðu í topp 10 í öllum mótum sem þau tóku þátt í. Vala María Sturludóttir átti frábært ár og lækkaði úr 18 niður í 9,8. Vala María endaði fjórum sinnum í topp 10 á árinu og gerði sér lítið fyrir og hreppti bronsið í sínum aldursflokki í Íslandsmóti unglunga í holukeppni. Vala María endaði í 5. sæti á heildarstigalista mótaráðarinnar en hún á ár eftir í sama aldursflokki. Á Áskorendamótaröðinni tóku Viktoría Vala Hrafnisdóttir, Gunnar Heimir Ragnarsson og Ernir Kristvinsson þátt. Viktoría Vala stóð sig með stakri þrýði og endaði bæði í 2. og 3. sæti.



Þá voru lið send í Sveitakeppni 15 ára og yngri og var almenn ánægja hjá krökkum og foreldrum með þau mót. Ekki náðist í sveit í 12 ára og yngri.

Fróðleikur úr starfinu

Ekki var farið í æfingaferð erlendis í vor vegna COVID19 en stefnt er á æfingaferð vorið 2022. Hins vegar var farið í helgarferð í byrjun maí á Strandarvöll á Hellu.

Spilaðar voru 27 holur á Hellu ásamt góðri æfingu á laugardeginum. Á sunnudegi voru svo spilaðar 9 holur á Svarfhólsvelli á Selfossi. Krakkarnir stóðu sig með stakri þrýði í erfiðum veðuraðstæðum og voru klúbbnum til sóma innan og utan vallar.

Markmið BUA nefndar er að fara árlega í æfingaferð erlendis því það hvetur krakka til auka æfinga og kynnir þeim fyrir golfi við öðruvísi aðstæður en þau eru vön á Íslandi. Krakkarnir læra að spila á ólíkum tegundum af grasi, sandi og hönnun valla; kennir þeim leikskipulag og ímyndunarafl þegar það kemur að golfleiknum og lengir tímabilið utanhúss. Allt eru þetta mikilvægir þættir í mótun ungra kylfinga.

Lokahóf barna og unglunga var haldið 1. október í blíðskaparveðri. Eins og síðastliðin ár var haldið Shoot-out þar sem skipt var í hópa eftir aldri og kyni og notaðir mismunandi teigar sem hentuðu getustigi hvers og eins. Það var Vala María Sturludóttir sem varði titil sinn síðan í fyrra og stóð uppi sem sigurvegari annað árið í röð.

Að lokum vill BUA nefnd koma á framfæri þökkum til styrktaraðila:

- Landsbankinn
- ÍSAM
- Skaginn 3X - ÍA
- Húsasmiðjan
- Íslandsbanki
- Sjóvá
- Guðni Örn Jónsson, Happa áttan



*Fyrir hönd barna-, unglunga- og afreknefndar,
Valdís Þóra Jónsdóttir, Íþróttastjóri GL.
Akranesi, nóvember 2021.*

Skýrsla Vallarnefndar 2021

Kraftmikil og fagleg vinna fór fram í vallarnefnd 2021 nefndina skipuðu

Kristvin Bjarnason formaður
Hörður Kári Jóhannesson tengiliður stjórnar
Davíð Búason
Eiríkur Jónsson
Guðjón Viðar Guðjónsson
Hannes Marinó Ellertsson
Reynir Sigurbjörnsson

Fjöldmargir fundir voru haldnir hjá vallarnefnd Leynis árið 2021 bæði, formlegir sem og óformlegir. Fagleg stjórnun á Garðavelli hafði verið hjá Grastec ehf. til margra ára, en félagið ákvað að endurnýja ekki samning sinn við GL er sneri að daglegri umsjón með vallarumhirðu Garðavallar fyrir árið 2021 og var það því eitt af fyrstu verkefnum nýrrar nefndar og stjórnar GL að hefja leit að nýjum aðilum sem myndu sjá um faglega stjórnun Garðavallar fyrir sumarið 2021.

Á vordögum var gengið frá samstarfssamningi við Golfklúbb Mosfellsbæjar, þar sem fagleg ábyrgð var á höndum starfsmanna GM í samstarfi við vallarnefnd GL.

Samstarfið gekk ágætlega en sannmæltust aðilar á haustdögum að það samkomulag sem var í gangi síðasta sumar myndi ekki vera endurnýjað.

Golfklúbburinn Leynir leitar nú að nýjum vallarstjóra í fullt starf og er það mat vallarnefndar að það sé skref í rétta átt með það að markmiði að gera góðan golfvöll enn betri.

Héltu framkvæmdir vor og sumar 2021.

1. Frágangur aftan við 2. flöt sem farið er að líta vel út



2. Frágangur og sáning í hvítan teig á 3. holu verður tekið í notkunn vor 2022
3. Fjarlægja víði við púttflöt. Það er mat vallarnefndar að þar þurfi að gera mun meira til að sómi sé af umhverfi frístundamiðstöðvarinnar og þá helst að endurgera stærstan hluta púttflatar og umhverfi hennar.
4. Frágangur framan við 12.flöt sem lítur vel út í dag og er talsverð breyting sem almennt hefur mælst vel fyrir.
5. Breyting á glompum og umhverfi þeirra framan við 18.flöt. verður tekið í notkun vorið 2022.
6. Göngustígur og breyttir teigar á 12.holu (blár og rauður). Göngustígur klár og teigar kláraðir vor 2022.



Ennþá er það mat vallarnefndar að Garðavöllur og nærumhverfi hans þurfi meiri athygli og fjármagn til að Garðavöllur geti áfram verið einn af bestu golfvöllum landsins. Ráðning faglærðs vallarstjóra er sannarlega spor í rétta átt, en meira þarf til og þá sérstaklega fjármagn til að ljúka enduruppbyggingu eldri flata á Garðavelli.

Að lokum vil ég fyrir hönd vallarnefndar fyrir starfsárið 2021 þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg fyrir vel unnin störf á árinu. Einnig vill nefndin koma þakklæti sínu til vallarstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnar Leynis fyrir fyrirtaks samvinnu á árinu.

*Fyrir hönd vallarnefndar starfsárið 2021
Kristvin Bjarnason formaður.
Akranesi, nóvember 2021.*



**Ársreikningur fyrir
starfsárið 2021**

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2020 til 31. október 2021 með undirritun sinni.


Akranesi, 24. nóvember 2021




Pétur Ottesen
Formaður Leynis


Heimir Bergmann, gjaldkeri


Ella María Gunnarsdóttir, ritari


Óli Björgvin Jónsson, meðstjórnandi


Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi


Hröðmar Halldórsson, varamaður


Rakel Óskarsdóttir, framkv.stjóri

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgigögnum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2020 til 31. október 2021 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við að ársreikningurinn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.



Elías H. Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður



Andrés Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

Akranesi þann 15.11.21

Rekstraryfirlit

1. nóvember 2020 til 31. október 2021

Rekstrartekjur	Skýr.	2021	2020
Félagsgjöld	1 -	39.141.471 -	35.757.310
Tekjur af velli	2 -	31.085.411 -	28.607.874
Tekjur af mótum	-	10.473.500 -	10.882.510
Rekstrarframlög og styrkir	3 -	39.079.927 -	38.505.493
Vörusala	-	7.060.271 -	6.510.940
Leigutekjur	4 -	7.597.063 -	7.395.889
	-	134.437.643 -	127.660.016
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	60.980.857	51.572.317
Rekstur vallar	6	16.975.892	19.697.900
Rekstur frístundarmiðstöðvar	7	15.526.111	17.083.081
Mótahald og keppniskostnaður	8	3.177.042	2.438.465
Barna- og unglingastarf	9	1.222.239	1.199.241
Gjöld til GSÍ		2.962.400	2.651.400
Kostnaðarverð seldra vara	10	6.311.167	5.874.653
Annar rekstrarkostnaður	11	2.238.183	4.138.402
		109.393.891	104.655.459
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		25.043.752	23.004.557
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrnignaskrá	-	12.844.567 -	9.590.589
Fjármagnskostnaður	12 -	1.107.674 -	1.088.913
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		674.722	508.966
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		11.766.233	12.834.021

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2021

EIGNIR

	Skýr.	31.10.2021	31.10.2020
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Mannvirki		5.783.509,00	5.943.898,00
Framlag GL til frístundamiðstöðvar		53.952.169,00	60.415.700,00
Golfvöllur		69.688.128,00	69.688.124,00
Vélar og búnaður		39.344.674,00	21.160.162,00
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir		168.768.480,00	157.207.884,00
SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR		168.768.480,00	157.207.884,00
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur			
Vörubirgðir		765.390,00	677.650,00
Kortaviðskipti og samningar		0,00	779.880,00
Viðskiptakröfur		2.066.144,00	6.086.465,00
Samtals skammtímakröfur		2.831.534,00	7.543.995,00
Handbært fé			
Hlaupareikningur LÍ		602.788,00	331.480,00
Vaxtareikningur LÍ		3.465.978,00	3.350.156,00
Sparireikningur LÍ		769,00	776,00
LÍ veltureikn. 601		21.518.213,00	17.838.622,00
Samtals handbært fé		25.587.748,00	21.521.034,00
SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR		28.419.282,00	29.065.029,00
SAMTALS EIGNIR		197.187.762,00	186.272.913,00

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2021

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	31.10.2021	31.10.2020
EIGIÐ FÉ			
Yfirfært frá fyrri árum		109.942.035,00	97.108.014,00
Hagn / -Tap á reikningsárinu		11.766.233,00	12.834.021,00
Samtals eigið fé		121.708.268,00	109.942.035,00
SKULDIR			
Langtímaskuldir			
Akraneskaupstaður skuld v. frístundarhúss		53.952.169,00	56.609.538,00
Landsbanki Íslands lán		14.385.273,00	6.770.503,00
Næsta árs afborgun		-6.553.959,00	0,00
Samtals langtímaskuldir		61.783.483,00	63.380.041,00
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		4.381.566,00	10.462.459,00
Ógreidd laun og launatengd gjöld		2.751.359,00	2.457.065,00
Áfallnir vextir langtímalána		9.127,00	31.313,00
Næsta árs afborgun langtímalána		6.553.959,00	0,00
Samtals skammtímaskuldir		13.696.011,00	12.950.837,00
SAMTALS SKULDIR		75.479.494,00	76.330.878,00
SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		197.187.762,00	186.272.913,00

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2020 - 31.10.2021

	Árið 2021	Árið 2020
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) ársins	11.766.233,00	12.834.021,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	-674.722,00	-508.966,00
Afskriftir	12.844.567,00	9.590.589,00
Veltufé frá rekstri	23.936.077,99	21.915.644,00
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	-87.740,00	43.631,00
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	4.800.201,00	-2.065.915,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	-5.808.785,00	8.399.383,00
Nettó breyting	-1.096.324,00	6.377.099,00
Handbært fé frá rekstri	22.839.754,00	28.292.743,00
Fjárfestingarhreyfingar		
Eignfært framlag til byggingar fríst.miðst.	-280.676,00	-10.160.631,00
Eignfærðar framkvæmdir á velli	0,00	0,00
Keypt tæki	24.911.119,00	-4.600.000,00
Fjárfestingarhreyfingar	-24.630.443,00	-14.760.631,00
Fjármögnunarhreyfingar		
Sala eigna	900.000,00	850.000,00
Tekið langtímalán	19.389.800,00	0,00
Afborganir langtímaskulda	-11.775.030,00	-3.195.290,00
Afborgun á skuld vegna frístundahúss	-2.657.369,00	-3.471.804,00
Fjármögnunarhreyfingar	5.857.401,00	-5.817.094,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	4.066.714,00	7.715.020,00
Handbært fé í upphafi árs	21.521.034,00	13.806.014,00
Handbært fé í lok árs	25.587.748,00	21.521.034,00

SKÝRINGAR

Sundurliðanir	2021	2020
1 Félagsgjöld	39.141.471	35.757.310
Félagsgjöld fullorðinna	36.672.990	33.417.855
Veittur staðgreiðsluafsláttur	-628.924	-560.131
Árgjöld heiðursfélaga	-681.000	0
Félagsgjöld barna og unglunga	2.239.503	2.297.006
Veittur afsláttur	-35.600	-66.300
Æfingagjöld	997.002	588.000
Námskeið	577.500	80.880
2 Tekjur af velli	31.085.411	28.607.874
Vallarleiga	25.309.708	23.121.578
Tekjur af slætti	5.775.703	5.486.296
3 Rekstrarframlög og styrkir	39.079.927	38.505.493
Barna- og unglingastarf	2.157.497	2.667.532
Garðavellir	9.999.996	10.833.329
Aðrir styrkir	26.922.434	25.004.632
4 Leigutekjur	7.597.063	7.395.889
Boltavél	1.319.542	1.637.745
Garðavellir	2.992.971	3.507.824
Golfbílar	1.561.550	1.086.600
Golfbúnaður	39.000	241.600
Golfhermir	1.684.000	922.120
5 Laun og launatengd gjöld	60.980.857	51.572.317
Barna- og unglingastarf	8.114.183	6.880.625
Garðavöllur	33.640.835	29.533.692
GM vallarstjórn	5.000.000	0
Skrifstofa	14.225.839	15.158.000
6 Rekstur vallar	16.975.892	19.697.900
Vallarviðhald efni og vinna	9.313.143	12.138.666
Pappír prentun	280.373	459.931
Rekstur fasteigna	718.409	457.597
Gámaþjónusta	838.258	535.946
Rekstur tækja	5.271.060	5.177.560
Leiga á golfbílum	554.649	928.200

SKÝRINGAR

7 Rekstur Garðavalla	15.526.111	17.083.081
Aðkeypt þjónusta	1.461.950	308.353
Afnota- og þjónustugjöld	580.614	631.427
Húsaleiga Akraneskaupstaðar	9.999.996	11.394.261
Veitugjöld	2.677.741	3.457.611
Ræstingakostnaður	0	932.409
Viðhald áhalda og tækja	475.705	280.677
Annar húsnæðiskostnaður	330.105	78.343
8 Golfmót	3.177.042	2.438.465
Aðkeypt þjónusta	270.480	283.200
Keppniskostnaður	1.199.341	753.509
Verðlaun og viðurkenningar	837.221	534.239
Annar kostnaður	870.000	867.517
9 Barna- og unglingastarf	1.222.239	1.199.241
Aðkeypt þjónusta	738.500	652.032
Keppniskostnaður	167.829	121.320
Framlög og styrkir	0	85.000
Verðlaun	26.476	77.419
Annar kostnaður	289.434	263.470
Gjöld til GSÍ	2.962.400	2.163.600
10 Verslun	6.311.167	5.874.653
Vörukaup	6.398.907	5.831.022
Birgðabreyting	-87.740	43.631
11 Annar rekstrarkostnaður	2.238.183	4.138.402
Aðkeypt þjónusta	512.143	1.752.660
Pappír prentun ritföng burðargj.	10.398	195.949
Gjafir og viðurkenningar	11.065	160.050
Funda og viðskiptakostnaður	41.130	134.575
Auglýsingar	73.204	471.418
Afnota- og þjónustugjöld	1.276.965	1.055.789
Akstur og flutningsgj.	0	127.634
Viðhald áhalda og tækja	0	103.997
Annar kostnaður	313.278	136.330
12 Fjármagnstekjur og gjöld	1.107.674	1.088.913
Vaxtatekjur	-32.544	-115.099
Fjármagnstekjuskattur	4.427	9.468
Vaxtagjöld	1.059.450	552.908
Bankakostn. og þjónustugjöld	76.341	641.636

REKSTRARÁÆTLUN 2022

Rekstrartekjur	Skýr.	2022	2021	2020
Félagsgjöld	1	40.500.000 -	39.141.471 -	35.757.310
Tekjur af velli	2	31.000.000 -	31.085.411 -	28.607.874
Tekjur af mótum		10.000.000 -	10.977.500 -	10.882.510
Rekstrarframlög og styrkir	3	39.000.000 -	39.079.927 -	38.505.493
Vörusala		7.000.000 -	7.060.271 -	6.510.940
Leigutekjur	4	6.500.000 -	7.597.063 -	7.395.889
		134.000.000 -	134.941.643 -	127.660.016
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	5	68.000.000	60.980.857	51.572.317
Rekstur golfvallar	6	17.000.000	16.495.742	19.697.900
Rekstur Garðavalla	7	16.500.000	16.006.261	17.083.081
Mótahald og keppniskostnaður	8	4.500.000	4.327.042	2.438.465
Barna- og unglingastarf	9	1.200.000	576.239	1.199.241
Gjöld til GSÍ		3.000.000	2.962.400	2.651.400
Kostnaðarverð seldra vara	10	6.500.000	6.311.167	5.874.653
Annar rekstrarkostnaður	11	3.000.000	2.238.183	4.138.402
		119.700.000	109.897.891	104.655.459
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		14.300.000 	25.043.752	23.004.557
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrnignaskrá	-	10.700.000 -	12.844.567 -	9.590.589
Fjármagnskostnaður	12	- 1.500.000 -	1.107.674 -	1.088.913
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		500.000	674.722	508.966
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		2.600.000	11.766.233	12.834.021

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2021 - 31.10.2022

Rekstrarhreyfingar	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020
Hagnaður (tap) ársins	2.600.000	11.766.233	12.834.021
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	500.000	-674.722	-508.966
Afskriftir	10.700.000	12.844.567	9.590.589
Veltufé frá rekstri	13.800.000	23.936.078	21.915.644
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	50.000	-87.740	43.631
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	0	4.800.201	-2.065.915
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	0	-5.808.785	8.399.383
Nettó breyting	50.000	-1.096.324	6.377.099
Handbært fé frá rekstri	13.850.000	22.839.754	28.292.743
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfært framlag til byggingar fríst.miðst.	0	-280.676	-10.160.631
Eignfærðar framkvæmdir á velli	0	0	0
Keypt tæki	-6.500.000	24.911.119	-4.600.000
Fjárfestingarhreyfingar	-6.500.000	-24.630.443	-14.760.631
Fjármögnunarhreyfingar			
Sala eigna	850.000	900.000,00	850.000,00
Tekið langtímalán	0	19.389.800,00	0,00
Afborganir langtímaskulda	6.553.959	-11.775.030,00	-3.195.290,00
Afborgun á skuld vegna frístundahúss	2.000.000	-2.657.369,00	-3.471.804,00
Fjármögnunarhreyfingar	9.403.959	5.857.401,00	-5.817.094,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	16.753.959	4.066.714,00	7.715.020,00
Handbært fé í upphafi árs	25.587.748	21.521.034,00	13.806.014,00
Handbært fé í lok árs	42.341.707	25.587.748,00	21.521.034,00



Golfklúbburinn Leynir

Grímsholt, 300 Akranes

Sími: 431 2711

Vefpóstur: leynir@leynir.is

www.leynir.is